

Alþingi  
Erindi nr. D 139/904  
komudagur 10.12.2010



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI  
RÍKISINS

Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

BK/eeg/10/1815

10.12.2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, þskj. 380, 313. mál.**

Skattransóknarstjóra ríkisins hefur borist tölvupóstur frá Efnahags- og skattanefnd Alþingis, 7. desember 2010, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, þskj. 380, 313. mál. Af því tilefni er Efnahags- og skattanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi

u m s ö g n

Í 10., 16., 20. og 28. gr. frumvarpsins eru samhljóða ákvæði og varða heimild skattransóknarstjóra ríkisins til að leita úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna. Að gildandi lögum hefur skattransóknarstjóri ríkisins heimild til leitar og haldlagningar gagna á starfsstöðvum skattaðila og þá án þess að áður þurfi að leita um það úrskurðar héraðsdóms, sbr. 2. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, 3. mgr. 38. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 2. mgr. 25. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Í þeim tilvikum þegar skattransóknarstjóri ríkisins telur vegna rannsóknar máls þörf á leit og haldlagningu á öðrum stöðum en greinir í áðurgreindum ákvæðum hefur sú vinnuregla verið viðhöfð að vísa málum til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra í þeim tilgangi að hið siðarnefnda embætti fari fram með úrskurðarbeiðnina fyrir héraðsdóm. Er beiðni lögreglu þá grundvölluð á vísun skattransóknarstjóra ríkisins og án þess að nokkur sjálfstæð rannsókn fari fram af hálfu lögreglu. Í kjölfar leitar og haldlagningar gagna á grundvelli úrskurðarins er rannsókn málsins framhaldið af hálfu skattransóknarstjóra ríkisins með vísun málsins frá lögreglu. Hefur þetta fyrirkomulag í för með sér ýmis konar óhagræði ekki síst fyrir skattaðilann sjálfan og valdið óvissu um forræði málsins.

Með tilgreindum ákvæðum frumvarpsins er ætlunin að taka af tvímæli um það að embætti skattransóknarstjóra ríkisins geti sjálft leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu í þágu rannsóknar máls. Breytingin ætti að leiða til þess að rannsókn mála verði skilvirkari og málsmeðferð öll einfaldari. Með breytingunni felst ekki að ráðist verði í aðgerðir sem ekki er heimild til nú þegar í gildandi lögum og framkvæmdar eru með ofangreindum hætti. Réttindi þess sem aðgerðin beinist að er ekki með neinum hætti skert frá því sem nú er enda sömu heimildir til að bera réttmæti aðgerðarinnar undir dóm og eru að gildandi rétti.



Skattrannsóknarstjóri ríkisins gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Bryndís Kristjánsdóttir